

6
2. febr.

AUGLÝSING

um

**breyting á auglýsingu 26. maí 1915, um samþykkt um stjórn
bæjarmálefna í Reykjavík.**

Samkvæmt tilskipun 20. apríl 1872 hefir ráðuneytið staðfest eftirfarandi

S a m þ y k t

um breyting á samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík frá 26. maí 1915, sem bæjarstjórn kaupstaðarins hefir samið og samþykkt:

Fjárhagsnefnd, fasteignanefnd, vatnsnefnd og gasnefnd skulu skipaðar 4 bæjarfulltrúum auk borgarstjóra.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hjermeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. febrúar 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

7
13. febr.

REGLUGJÖRÐ

um

breyting á reglugjörð um notkun pósta 25. mars 1925.

Aftan við 5. gr. c. 3 skal bætt nýrri málsgrein sem hjer segir:

„Þó má leggja innan í prentað mál frímerkt umslag, svarsþjald eða pósta-
ávísunareyðublað með prentaðri utanáskrift til sendanda hins prentaða máls.“

Í 7. grein í kaflanum með yfirskriftinni: „Ummál“, skal í stað málsgreinanna, sem byrja með: „Viktin“ og enda á „sagt“ koma nýr kafli sva-
hljóðandi:

„Þ y n g d.

7

Viktin á hverjum böggli má eigi fara fram yfir 10 kílógrömm með skip- 13. febr.
um og 21½ kílógramm með landpóstum. Mótaðir peningar í einum böggli eða
þoka mega þó vega alt að 5 kg. með landpóstum. Móttökupósthúsið getur líka,
þegar sjerstaklega stendur á, leyft að þyngd böggla fari lítið eitt fram úr því,
sem hjer er sagt, en þá skulu böggilarnir taldir rúmfrekir.“

Í sömu grein skulu fyrstu setningarnar í köflunum með yfirskrift:
„Myntströnglar eða myntbögglar“ og „Myntpokar“ strikaðar út.

Í 8. grein næst síðustu málsgrein, fyrstu línu, skal strika út orðin „og
frímerkt.“

Í 10. grein næst síðustu málsgrein skal strika út orðin „bæði“ og „inn-
heimtugjaldinu.“

Aftan við 13. grein II skal bæta við tveimur liðum 5. og 6. eins og hjer
segir:

5. Á póststofunni í Reykjavík er hægt að fá að vita um tölu húsráðenda
í umdæmi hvers pósthúss á landinu, og sjeu henni afhentar, í sjerstökum um-
búðum til annara pósthúsa, sendingar án utanáskriftar með áteiknun á hverri
sendingu um það, hve mörg eintök eru í hverri, og skrá yfir það, getur
hún gefið frímerkta kvittun fyrir öllu burðargjaldinu, sem skal greiða fyrir
útbýtinguna, en burðargjaldið undir sendingarnar til hvers einstaks pósthúss
utan Reykjavíkur verður að borga sjerstaklega.

Þegar póststofan í Reykjavík hefir tekið við burðargjaldi fyrir utan-
áskriftarlausar sendingar, sem á að útbýta frá öðrum pósthúsum, ber henni að
setja merki á hverja sendingu um það, annaðhvort með límmiða eða stimpli
með stöfunum Ú. B. (útbýting borguð).

6. Það má þegar sjerstaklega stendur á, gjöra undantekningu frá því
sem segir í 2. lið, um að utan á sendingunum skuli sjást til hvaða flokka við-
takenda sendingarnar eiga að fara og sjerstaklega, þegar er að ræða um send-
ingar, sem aðeins skal útbýta í umdæmi viðtökupósthússins.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann,

Reykjavík 13. febrúar 1926.

Magnús Guðmundsson.

S. Briem.